

15. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur.
16. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hvert stykki:  
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
17. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu:  
Saltsild.

141

21. des.

## 6. gr.

Inn í reglugerðina bætist nýr kafli svo hljóðandi, er verði XI. kafli, og breytist kafla- og greinatala reglugerðarinnar þessu til samræmis:

## Ljósagjöld.

## 36. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu 1. ágúst—15. maí, skulu greiða ljósagjald þannig:

- A. Skip, sem um getur í 26. gr. A, skulu greiða 50 aura fyrir hverja brúttósmálest á ári, þó ekki minna en 10 krónur árlega.
- B. Skip, sem um getur í 26. gr. B, skulu greiða 10 aura fyrir hverja nettósmálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 50 krónur í hvert skipti. Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða ljósagjald oftar en tvisvar í mánuði.
- C. Skip, sem um getur í 26. gr. C., skulu greiða 20 aura fyrir hverja nettó smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 75 krónur hverju sinni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 24 15. febr. 1952, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1955.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

## um nýja lyfsöluskrá I.

142

22. des.

Frá og með 1. janúar 1956 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 20. desember 1955. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá I frá 1. marz 1954.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. desember 1955.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*